


## Aukagluggi í Sögu 3.1.39.1 - 3.1.40.3 – 3.1.41.1




Aukagluggi Sögu er aðgengilegur í **öllum einingum** og er hann staðsettur í sjúklingastikunni, í horninu uppi hægra megin. Aukagluggi opnast hvort sem notandi smellir á táknið fyrir aukaglugga eða hlekkinn fyrir samtengingar. Sjá mynd hér fyrir neðan:



Þegar notandi smellir á táknið fyrir aukagluggan þá opnast aukagluggi til hliðar við Sögu þar sem notandi getur skoðað Nýja textasýn (í eigin grunni) og Samtengingar við aðrar stofnanir. Þennan aukaglugga getur notandi dregið yfir á annan skjá og haft til hliðsjónar þegar hann skoðar aðrar einingar í Sögu. Þegar notandi lokar aukaglugganum og opnar hann svo aftur þá opnast aukaglugginn á sama stað og hann var staðsettur á síðast. Notandi getur smellt á Esc á lyklaborðinu (3.1.41.1) til þess að loka aukaglugganum eða smellt á x-ið sem er í horninu efst hægra megin í glugganum.

Hér sést að notandi er staddur í Forsíðu sjúklings og hefur smellt á hnappinn sem opnar aukagluggan. Aukaglugginn opnast sjálfkrafa í nýrri textasýn:




Vilji notandi lesa handbók um Nýju textasýnina getur hann ýtt á F1 á lyklaborðinu og þá

flytur Saga hann yfir í vefhandbókina í þann kafla sem fjallar um Nýja textasýn (virkar í Sögu 3.1.40).

Skipti notandi um kerfissjúkling uppfærast textasýnin einnig í aukaglugganum. Í Sögu 3.1.40 er hægt að virkja stilligildi **175** og þá uppfærast textasýnin í aukaglugga ekki sjálfkrafa þegar skipt er um sjúkling heldur þarf notandi að smella á „Sækja gögn“ hnapp til þess að uppfæra textasýnina.

Ef sjúklingur á gögn á öðrum stofnunum og notandinn þarf að skoða upplýsingar frá þeim þá getur notandinn smelt á „Samtengingar“ og þá opnast eftirfarandi gluggi:



Vilji notandi lesa handbók um Samtengingar getur hann ýtt á F1 á lyklaborðinu og þá flytur Saga hann yfir í vefhandbókina þar sem fjallað er um samtengingar, undir kaflanum „Almennar leiðbeiningar“ og á síðunni „Samtengingar“ (virkar í Sögu 3.1.40).

Með kveðju,  
TMS – Heilbrigðislausnir